



Minnisblað til bæjarráðs Mosfellsbæjar

Efni: Samþykkt um öldungaráð Mosfellsbæjar, drög að breytingu vegna breytinga á lögum nr. 40/1991

Dags: 22. júní 2018

Málsnúmer: 201806277/-

Málsmeðferð: Til umfjöllunar og ákvörðunar

Starfsmaður: Unnur V. Ingólfssdóttir, framkvæmdastjóri fjölskyldusviðs

Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 taka breytingum 1. október 2018. Meðal nýmæla er að öldungaráð taka við því hlutverki sem þjónustuhópum aldraðra hefur fram til þessa verið falið að sinna. Er ráð fyrir því gert að öldungaráð starfi í hverju sveitarfélagi eða á grundvelli samvinnu milli sveitarfélaga. Í erindi Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 19. júní 2018 vegna málsins segir:

Um leið og sambandið vekur athygli sveitarfélaga á þessum breytingum er mælt með því að þær verði innleiddar með eftirfarandi hætti:

- Við næstu endurskoðun á samþykktum sveitarfélags um stjórn og fundarskóp verði öldungaráð talin upp meðal annarra nefnda, ráða og stjórna sem sveitarstjórn kys fulltrúa í (þessi upptalning er yfirleitt í staflað sem kemur á eftir fastanefndum sveitarstjórnar). Fulltrúum sveitarfélags í öldungaráði er með þessu veitt staða sem er hliðstæð fulltrúum þess á aðalfundum landshlutasamtaka og vettvangi annarra aðila af svipuðum toga. Í samþykktinni ætti að vísa til þess á kjörið fari fram á grundvelli 2. mgr. 38. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga (með síðari breytingum) með hliðsjón af 8. gr. laga nr. 125/1999, um málefni aldraðra (með síðari breytingum).
- Kjör á fulltrúum sveitarfélags í öldungaráði fari fram þegar samþykktir hafa verið endurskoðaðar. Sú leið er einnig möguleg, þar sem öldungaráði er ætlað að leysa af hólmi þjónustuhópa sem hingað til hafa starfað (að nafni til þó í flestum tilvikum), að fulltrúar sem sveitarstjórn velur til setu í þjónustuhópi á fyrsta eða öðrum fundi sínum eftir nýafstaðnar sveitarstjórnarkosningar verði sjálfkrafa að fulltrúum sveitarfélagsins í öldungaráði. Þetta er þó háð því að sama skipan verði áfram á samstarfi um þjónustusvæði þar sem það á við.

Þess ber að gæta að öldungaráð hafa almennt ekki formlega stöðu innan nefndakerfis sveitarfélags. Af því leiðir að hvert öldungaráð fyrir sig setur sér starfsreglur um framkvæmd verkefna, þar á meðal gerð tillagna til sveitarstjórna um öldrunarþjónustu.

Öldungaráðum er fyrst og fremst ætlað að vera formlegur vettvangur fyrir samráð við notendur um öldrunarþjónustu. Samsvarandi skipan kemur til framkvæmda þann 1. október n.k. varðandi notendaráð í þjónustu við fatlað fólk til samræmis við breytingar á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga. Þar sem öldungaráðum er hins vegar ætlað að taka við hlutverki þegar gildandi þjónustuhópa er rétt að hafa ofangreind atriði sérstaklega í huga við það val fulltrúa sem nú fer fram á vettvangi nýkjörinna sveitarstjórna.

Meðfylgjandi drög að breytingu á samþykkt um öldungaráð Mosfellsbæjar tekur mið af ákvæðum laganna og ábendingum í A. lið meðfylgjandi minnisblaðs Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 18. júní 2018. Uppbyggingu reglnanna er breytt þannig að í upphafi séu ákvæði um form þá innihald og gildistöku.

Virðingarfyllst,

Unnur V. Ingólfssdóttir
framkvæmdastjóri fjölskyldusviðs